Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

SAMKOMULAG GARÐABÆJAR OG KÓPAVOGS UM VEGTENGINGAR Í HNOÐRAHOLTI

Við afgreiðslu á samþykktri tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna rammahluta um Vífilsstaðaland og við athugun á nýju aðalskipulag Kópavogs hefur Skipulagsstofnun lýst því yfir að ekki geti komið til staðfestingar á aðalskipulagsbreytingunni fyrr en niðurstaða liggi fyrir milli sveitarfélaganna um tengingu á gatnakerfi þeirra í Hnoðraholti. Skipulagsstofnun hefur beint því til sveitarfélaganna að leita lausnar um ágreining í málinu.

Af því tilefni gera sveitarfélögin Garðabær og Kópavogur með sér eftirfarandi samkomulag:

Garðabær samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á samþykktri aðalskipulagsbreytingu.

- Í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasölum í Kópavogi verði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað eða fundin ný lega við mótun deiliskipulags golfvallar- og útivistarsvæðis með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif Vorbrautar á íbúðarbyggð í Þorrasölum (sett fram í greinargerði í kafla 4.2.5. Göturými og á mynd 35 sem og með táknum fyrir stokk á breytingaruppdrætti aðalskipulags Garðabæjar)
- Bætt verði við ákvæði um að við hönnun golfvallar skuli tryggja góða tengingu á milli golfbrauta í Leirdal og Mýrinni m.t.t. hæðarlegu og golfhringja frá golfskála (sett fram í greinargerð í kafla 4.5.2.2 þar sem fjallað er um Vetrarmýri).

Garðabær samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á samþykktri tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hnoðraholt norður.

- Í stað tveggja valkosta á hæðarlegu Vorbrautar neðan við fjölbýlishús í Þorrasölum í Kópavogi verði ákvæði um að Vorbraut verði sett í stokk á þeim stað (sett fram á á deiliskipulagsuppdrætti og í greinargerð í kafla 2.6.1 Gatnakerfi).

Kópavogur samþykkir að draga til baka mótmæli í umsögn um aðalskipulagstillögu Garðabæjar varðandi tengingu fyrirhugaðs hverfis í Hnoðraholti við Arnarnesveg um Leirdalsop enda er komið á móts við sjónarmið um lagninga tengibrautar í stokk. Jafnframt samþykkir Kópavogur að falla frá áformum um að fella út tengingu brautarinnar við gatnakerfi Kópavogs í tillögu að nýju aðalskipulagi sem er til athugunar hjá Skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun verður greint frá því að sátt sé um niðurstöðu þessa að hálfu beggja sveitarfélaga.

Garðabæ og Kópavogi í mars 2021

BÆJARSTJÓRINN Í KÓPAVOGI

Armann Kr. Ólafsson,
bæjarstjóri.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

BÆJARSTJÓRINN Í GARÐABÆ